

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 2. mars 2020

Mál nr. E-868/2018:

Landsbankinn hf.

(*Hannes Júlíus Hafstein lögmaður*)

gegn

Sverri Sverrissyni

(*Pétur Örn Sverrisson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 3. febrúar síðastliðinn, var upphaflega höfðað 10. september 2018 af Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, á hendur Sverri Sverrissyni, Bragavöllum 8, Reykjanesbæ.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði stefnanda 37.388.178 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 9. febrúar 2013 til greiðsludags, allt að frádreginni innborgun að fjárhæð 3.000.000 króna 9. nóvember 2017. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda, en til vara að kröfur stefnanda verði lækkaðar. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Stefndi höfðaði mál á hendur stefnanda 16. maí 2019 og gerir þá kröfu að stefnandi greiði skuld að fjárhæð 682.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 24. október 2018 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar.

Stefnandi krefst aðallega sýknu, en til vara lækkunar á kröfum stefnda. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Seinna málið hlaut númerið E-473/2019 og var það þingfest 22. maí 2019. Málið höfðaði stefndi til heimtu skaðabóta úr hendi stefnanda vegna lögmannskostnaðar við gæslu hagsmuna sinna í aðfaramáli. Með ákvörðun dómsins og með vísan til b. liðar 30.

gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála voru málin sameinuð í þinghaldi 6. júní 2019. Til einföldunar og enda þótt ekki sé um eiginlega gagnsök að ræða verður hér eftir talað um stefnanda samkvæmt framansögðu sem aðalstefnanda og stefnda sem gagnstefnanda.

I

Málsatvik

Upphaf viðskipta gagnstefnanda við Sparisjóðinn í Keflavík voru með stofnun viðskiptabókar hans hjá sjóðnum 16. desember 1970 þegar hann lagði inn í sínu nafni 50 krónur. Frá þeim tíma fóru öll bankaviðskipti gagnstefnanda fram við sparisjóðinn og síðar við SpKef sparisjóð. Frá því að Sparisjóðurinn í Keflavík hóf að selja stofnfjárluti í sjóðnum var gagnstefnandi á meðal þátttakenda í slíkum kaupum og því stofnfjáraðili í sjóðnum. Sem dæmi um það eru bréf Sparisjóðsins í Keflavík til gagnstefnanda, bæði dagsett í febrúar 2001 og 2002, þar sem er að finna staðfestingu á stofnfjáreign gagnstefnanda í sjóðnum á tilgreindum tíma.

Mál þetta er sprottið af lánasamningi sem Sparisjóðurinn í Keflavík og gagnstefnandi gerðu með sér 30. október 2006. Fékk samningurinn númerið A. Lánið var veitt til fimm ára og þriggja mánaða og var gefið út í eftirfarandi þremur myntum, eða jafnvirði þeirrar fjárhæðar í íslenskum krónum, miðað við sölugengi á gjalddaga eða greiðsludegi: JPY 10.400.000 miðað við sölugengið 0,5837; CHF 220.000 miðað við sölugengið 54,88 og EUR 140.000 miðað við sölugengið 87,18. Sölugegni myntanna var í öllum tilvikum miðað við 30. október 2006. Fjárhæð í íslenskum krónum er 30.349.280 krónur.

Fjárhæð þessa, sem var endurlánað erlent lánsfé, skyldi endurgreiða að fullu á fimm árum og þremur mánuðum með jöfnum afborgunum á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. janúar 2008. Skyldu vextir reiknast frá útborgunardegi lánsins og greiðast á sama tíma og afborganir. Vextir af skuldinni, eins og hún væri á hverjum tíma, voru tilgreindir 12 mánaða LIBOR vextir eins og þeir yrðu ákveðnir á framangreindum myntum á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði og til viðbótar fast vaxtaálag 3%. Vextirnir skyldu vera breytilegir og ákveðast síðan fyrirfram miðað við „skráða LIBOR vexti skv. framansögðu kl. 10:00 GMT tveimur virkum dögum fyrir upphaf næsta vaxtatímabils“. Yrðu vanefndir á lánasamningnum bar að greiða dráttarvexti af skuldinni í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Heimilt væri að reikna dráttarvexti af skuldinni allri frá því hún félli fyrst í gjalddaga. Þá bæri að greiða dráttarvexti af höfuðstól skuldarinnar eða eftirstöðvum sem kynnu að falla í gjalddaga. Héldist gengistrygging á gjaldfallinni

fjárhæð eftir gjalddaga, skyldi greiða dráttarvexti í samræmi við vaxtalög.

Að beiðni gagnstefnanda var gerð breyting á greiðsluskilmálum lánasamningsins 16. nóvember 2010. Nýr höfuðstóll var tiltekinn í myntunum þremur; EUR 123.349,77, CHF 190.369,98 og JPY 9.000.891,00. Næsti gjalddagi yrði vaxtagjalddagi sem greiddur skyldi 1. júní 2011 og lokagjalddagi skyldi vera 1. júní 2012. Vextir skyldu reiknast frá 16. nóvember 2010. Að öðru leyti héldust skilmálar lánasamningsins óbreyttir.

Gagnstefnandi segir að sparisjóðurinn hafi veitt lánið í því skyni að fjármagna þátttöku gagnstefnanda í fyrirhuguðum stofnfjárukningum í sjóðnum. Hafi það verið forsenda fyrir veitingu og töku lánsins af hálfu aðila að fjármunirnir yrðu nýttir til kaupa gagnstefnanda á stofnfjárhlutum í sparisjóðnum við síðari stofnfjárukningar. Þá segir gagnstefnandi að við samningsgerðina hafi legið fyrir að hin fyrirhuguðu stofnfjárbréf sem hann myndi kaupa yrðu veðsett sparisjóðnum til tryggingar á efndum vegna lánasamningsins. Hafi gagnstefnandi samþykkt lánveitinguna á þeirri forsendu að áhætta hennar myndi takmarkast við keypt og veðsett stofnfjárbréf.

Þann 2. nóvember 2006 gerðu gagnstefnandi og Sparisjóðurinn í Keflavík með sér samning um vörslu verðbréfa og tók sparisjóðurinn að sér vörslu verðbréfa gagnstefnanda. Í 3. gr. samningsins var tiltekið að gagnstefnandi skyldi afhenda verðbréf samkvæmt framlögðum lista til vörslu hjá sparisjóðnum auk þess sem því var lýst að gagnstefnandi gæti afhent önnur verðbréf í fjárvörslu eða lagt inn nýtt fé til ávöxtunar á bankareikning í sjóðnum. Þá var hlutverk sparisjóðsins tilgreint í 4. gr. samningsins en það laut meðal annars að vörslu og upplýsingagjöf til gagnstefnanda auk ráðgjafar. Einnig skyldi sparisjóðurinn framfylgja ákvörðunum gagnstefnanda um kaup eða sölu verðbréfa. Þá segir í 7. gr. samningsins að hann taki gildi frá og með 2. nóvember og væri ótímabundinn. Jafnframt því var tiltekið að aðilum væri heimilt að segja samningnum upp á sannanlegan hátt með 30 daga fyrirvara.

Þann 11. desember 2016 undirrituðu gagnstefnandi og Sparisjóðurinn í Keflavík skjal sem beri heitið „Handveð“. Fram kemur að gagnstefnandi og viðskiptastofa sparisjóðsins hafi gert með sér samning um eignastýringu og fjárvörslu 1. desember 2006 þar sem innlendar eignir séu varðveittar á VS reikningi númer B og peningalegar eignir á reikningi C. Með skjalinu setti gagnstefnandi tilgreindan fjárvörslusamning að handveði til sparisjóðsins til tryggingar skilvísri og skaðlausri greiðslu á þeim skuldum sem hann þá eða síðar kynni að skulda eða ábyrgðast gagnvart sjóðnum, þar á meðal vegna erlendra endurlána.

Gagnstefnandi segir handveðsyfirlýsinguna í fullu samræmi við það sem fram hafði komið á milli aðila við samningsgerð vegna lánasamningsins frá 30. október 2006 og þær forsendur sem aðilar samningsins hafi lagt til grundvallar við veitingu, samþykkt og töku lánsins. Með handveðsyfirlýsingunni hafi gagnstefnandi veitt sjóðnum fullt og ótakmarkað umboð til að innleysa þá fjárhæð fjárvörslusamningsins sem handveðið skyldi tryggja ef vanskil yrðu á skuld hans við sjóðinn. Auk þess hafi verið tiltekið að ef fjárvörslusamningnum yrði sagt upp samkvæmt 7. gr. áður en skuld sú er handveðið skyldi tryggja væri að fullu greidd, þá skyldu hún í gjalddaga fallin og greiðast sjóðnum samkvæmt umboði í handveðsyfirlýsingunni.

Fyrir liggur að stjórn Sparisjóðsins í Keflavík nýtti sér í þó nokkur skipti heimild til hækkun stofnfjár í sjóðnum á árunum 2006 og 2007. Meðal málgagna eru fréttatilkynningar sparisjóðsins um stofnfjárútbod og aukningu á árinu 2007, það er 12. mars, 2. júlí, 4. september og 6. desember það ár. Hafi stofnfjáreigendur átt forgangsrétt til að skrá sig fyrir þessum hækkunum og hafi samkvæmt því átt rétt til að skrá sig fyrir nýjum stofnfjárbréfum í hlutfalli við eign sína við upphaf hvers útbods.

Gagnstefnanda var tilkynnt um fyrrnefnd stofnfjárútbod á árunum 2006 og 2007 og rétt hans til að skrá sig fyrir stofnfjárukningu í samræmi við stofnfjáreign hans með bréfum Sparisjóðsins í Keflavík. Kemur þetta fram í bréfum sjóðsins 14. desember 2006, 12. mars, 4. september og 5. desember 2007. Þá voru haldnir kynningarfundir á vegum sparisjóðsins þar sem stofnfjáreigendum var kynnt fyrirhuguð útbod og þeir lánamöguleikar sem stæðu eigendum stofnfjár til boða til að fjármagna kaupin.

Í málatilbúnaði gagnstefnanda kemur fram að hann hafi skráð sig fyrir stofnfjárukningu hjá Sparisjóðnum í Keflavík á árunum 2006 og 2007. Hann hafi í fyrsta lagi tekið þátt í stofnfjárukningu sjóðsins í desember 2006 þar sem grunnréttur hans til stofnfjár hafi verið 1.274.118 krónur og hver króna nafnverðs hafi verið seld á genginu 1,96857449. Samkvæmt því hafi kaupverð gagnstefnanda við stofnfjárukninguna verið 2.508.196 krónur. Hafi gagnstefnandi greitt kaupverðið til Sparisjóðsins í Keflavík á gjalddaga 29. desember 2006 með millifærslu af tékkareikningi hans hjá sjóðnum númer D. Í öðru lagi hafi gagnstefnandi tekið þátt í stofnfjárukningu sjóðsins í mars 2007 þar sem grunnréttur hans til stofnfjár hafi verið 1.860.802 krónur og hver króna nafnverðs verið seld á genginu 2,08176192. Samkvæmt því hafi kaupverð gagnstefnanda við stofnfjárukninguna verið 3.873.747 krónur. Nokkrir eigendur stofnfjár hafi ekki nýtt rétt sinn til skráningar og hafi umframáskrift verið úthlutað í hlutfalli við stofnfjáreign

þeirra stofnfjáreigenda sem þess hafi óskað, þar á meðal til gagnstefnanda. Hafi umframtur hans til stofnfjár verið 65.649 krónur og kaupverð miðað við sama gengi og áður sé lýst hafi verið 136.666 krónur. Gagnstefnandi hafi greitt kaupverðið með millifærslu af hinum handveðsetta reikningi hans hjá sjóðnum númer C.

Gagnstefnandi hafi í þriðja lagi tekið þátt í stofnfjárukningu sparisjóðsins í september 2007 og hafi fengið úthlutað stofnfé að nafnverði 2.285.887 krónur þar sem kaupverð hvernar nafnverðskrónu stofnfjár hafi verið 2,12138 krónur. Samkvæmt því hafi kaupverð gagnstefnanda við stofnfjárukninguna verið 4.849.235 krónur. Hafi gagnstefnandi greitt kaupverðið til sparisjóðsins 11. október 2007 með millifærslu af hinum handveðsetta reikningi hans hjá sjóðnum númer C.

Loks hafi gagnstefnandi í fjórða lagi tekið þátt í stofnfjárukningu sparisjóðsins í desember 2007 og hafi þar fengið úthlutað stofnfé í sjóðnum að nafnverði 4.365.227 krónur þar sem kaupverð hvernar nafnverðskrónu stofnfjár hafi verið 2,17419 krónur. Samkvæmt því hafi kaupverð gagnstefnanda við stofnfjárukninguna verið 9.490.833 krónur. Gagnstefnandi hafi greitt kaupverðið til Sparisjóðsins í Keflavík 27. desember 2007 með millifærslu af hinum handveðsetta reikningi hans hjá sjóðnum númer C.

Fyrrgreind stofnfjáreign gagnstefnanda hafi í samræmi við samning um vörslu verðbréfa frá 2. nóvember 2006 verið í vörslu sparisjóðsins og handveðsett honum samkvæmt handveðsyfirlýsingunni frá 11. desember 2006.

Gagnstefnandi kveðst hafa greitt eftirgreindar fjórar greiðslur samkvæmt lánasamningnum frá 30. október 2006 til Sparisjóðsins í Keflavík á tímabilinu frá 25. janúar 2008 til 6. mars 2009:

1. Greiðsla að jafnvirði 4.999.953 krónur í evrum og svissneskum frönkum 25. janúar 2008.
2. Greiðsla að jafnvirði 3.966.541 króna í svissneskum frönkum og japönskum jenum 8. febrúar 2008.
3. Greiðsla að fjárhæð 1.152.135 krónur 8. apríl 2008, tilkomin vegna veðsettrar arðgreiðslu vegna stofnfjáreignar gagnstefnanda í Sparisjóðnum í Keflavík, sbr. tilkynningu um greiðslu arðs frá 8. apríl 2008.
4. Greiðsla að jafnvirði 2.691.288 krónur í evrum, svissneskum frönkum og japönskum jenum 6. mars 2009.

Samkvæmt þessu greiddi gagnstefnandi alls að jafnvirði 12.809.917 krónur í afborganir af lánasamningnum á árunum 2008 og 2009.

Með ákvörðun 22. apríl 2010 ráðstafaði Fjármálaeftirlitið eignum og skuldum Sparisjóðsins í Keflavík til SpKef sparisjóðs. Í forsendum ákvörðunarinnar segir meðal

annars að frá lokum mars 2009 hafi eiginfjárstaða Sparisjóðsins í Keflavík verið undir lögbundnum mörkum og að þrátt fyrir ítrekaða fresti til að koma við endurskipulagningu á fjárhag sjóðsins hafi ekki tekist að leysa fjárhagsvanda hans og lægi því fyrir að sjóðurinn uppfyllti ekki skilyrði starfsleyfis og að heimildir til afturköllunar væru fyrir hendi. Hafi Fjármálaeftirlitið lýst því mati sínu að eiginfjávandi sparisjóðsins væri slíkur að hann gæti ekki staðið við skuldbindingar sínar gagnvart viðskiptavinum eða kröfuhöfum. Var öllum eignum Sparisjóðsins í Keflavík, þar á meðal kröfuréttindum, ráðstafað til SpKef sparisjóðs, að nánar tilgreindum eignum undanskildum. Jafnframt var tiltekið að SpKef sparisjóður tæki við öllum tryggingarréttindum Sparisjóðsins í Keflavík, þar með töldum öllum veðréttindum, ábyrgðum eða öðrum sambærilegum réttindum sem tengdust kröfum sjóðsins.

Í málgögnum er óundirritað bréf aðalstefnanda til gagnstefnanda 24. október 2011 þar sem fram kemur að í desember 2010 hafi Alþingi samþykkt breytingar á lögum nr. 38/2001 um vexti og veðtryggingu sem kveði á um endurútreikning lána með ólögmati gengistryggingu. Væri það mat aðalstefnanda að lán númer A kvæði á um ólögmeta gengistryggingu. Hafi eftirstöðvar lánsins verið endurútreiknaðar miðað við lægstu óveðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birti í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001, sbr. 10. gr. Hafi eftirstöðvar lánsins fyrir endurútreikning verið 59.228.590 krónur, en 36.192.323 krónur eftir endurútreikning sem hafi verið miðaður við 21. október 2011.

Þann 16. desember 2011 birtist fréttatilkynning á vefsíðu stefnanda sem bar yfirskriftina: „Landsbankinn fellir niður fjölda lána til stofnfjárkaupa í sparisjóðum.“ Segi í tilkynningunni að Hæstiréttur Íslands hefði 24. nóvember 2011 dæmt í málum vegna aukningar stofnfjár í Byr sparisjóði og Sparisjóði Norðlendinga í lok árs 2007. Hafi niðurstaðan falið í sér sýknu stofnfjáreigenda af kröfum um greiðslu lána sem veitt hafi verið til kaupa á stofnfé í sparisjóðunum við stofnfjárukningu þeirra. Þá segi eftirfarandi orðrétt í fréttatilkynningunni:

„Landsbankinn hf. hefur farið yfir dóma Hæstaréttar með tilliti til þeirra lána sem bankinn er kröfuhafi að í dag og veitt voru til kaupa á nýju stofnfé í Sparisjóðnum í Keflavík, Sparisjóði Húnaþings og Stranda og Sparisjóði Vestfirðinga í lok árs 2007, áður en þeir voru sameinaðir undir merkjum Sparisjóðsins í Keflavík. Um er að ræða rétt rúmlega 500 lán til einstaklinga og 30 lán til lögaðila sem eru nú á bókum Landsbankans eftir samruna við SpKef í mars á þessu ári. Með vísan til niðurstöðu í áðurnefndum dómum mun Landsbankinn fella flest þessara lána niður að eigin frumkvæði. Þetta er þó ekki án undantekninga, t.d. ef stofnfjárbréf hafa verið seld en andvirðinu ekki ráðstafað til greiðslu lánsins eins og samkomulag var um. Bankinn mun strax yfirlara öll

stofnfjárlán sem þarna um ræðir og tilkynna hverjum og einum lántaka sérstaklega um niðurstöðuna. Þær greiðslur sem lántakar hafa innt af hendi til Landsbankans og/eða SpKef vegna þeirra lána sem nú verða felld niður, verða endurgreiddar. Með þessum ákvörðunum Landsbankans verður endir bundinn í málum þeirra einstaklinga og lögaðila á landsbyggðinni sem fengu lán til kaupa á stofnfé í fyrrgreindum sparisjóðum í árslok 2007. Jafnframt felur þessi niðurstaða í sér viðurkenningu á því að ráðgjöf til kaupenda vegna þessarar stofnfjárukningar hafi af hálfu viðkomandi sparisjóða ýmist verið röng eða ófullnægjandi.“

Í greinargerð gagnstefnanda segir að hann hafi mótttekið fyrrnefnt bréf aðalstefnanda 24. október 2011 og verið meðvitaður um fréttatilkynninguna. Hafi hann staðið í þeirri trú að lánasamningur hans við Sparisjóðinn í Keflavík 30. október 2006 ætti undir efni hennar og að aðalstefnandi myndi því fella niður lánið. Í árslok 2011 kveðst gagnstefnandi hafa talið að lánið hefði þá þegar verið fellt niður enda hafi honum þá borist yfirlit yfir verðbréfaeign sína í vörslu aðalstefnanda sem hafi tekið til tímabilsins frá 1. janúar 2011 til 31. desember 2011. Í yfirlitinu segi meðal annars að aðalstefnandi hefði mótttekið til vörslu stofnfjárbréf gagnstefnanda í Sparisjóðnum í Keflavík að nafnverði 11.899.954 krónur á genginu 3,394 eða samtals að markaðsverðmæti 40.383.208 krónur. Fullyrði gagnstefnandi að ráða hefði mátt af yfirlitinu að búið hafi verið að færa niður viðkomandi stofnfjáreign að fullu og hafi hann staðið í þeirri trú að skuld samkvæmt lánasamningur hefði verið felld niður og að þau stofnfjárbréf sem aðalstefnandi hefði mótttekið í ársbyrjun 2011 hefðu gengið á móti þeirri niðurfellingu í samræmi við efni fréttatilkynningar frá 16. desember 2011 um að niðurfelling lána væri „þó ekki án undantekninga, t.d. ef stofnfjárbréf hafa verið seld en andvirðinu ekki ráðstafað til greiðslu lánsins eins og samkomulag var um.“ Það hafi svo enn frekar verið til að styrkja þá trú gagnstefnanda að lánið hefði verið fellt niður í samræmi við efni fréttatilkynningar aðalstefnanda að gagnstefnandi hafi ekki fengið tilkynningar frá stefnanda um meinta skuld samkvæmt lánasamningnum. Það hafi ekki verið fyrr en fimm árum síðar, eða þegar gagnstefnandi hafi verið birt greiðsluáskorun 16. nóvember 2016, að aðalstefnandi hafi hafið innheimtu kröfunnar þvert gegn fyrri yfirlýsingum í opinberum fréttatilkynningum og góðri trú gagnstefnanda um að lánið hefði verið fellt niður.

Aðalstefnandi sendi gagnstefnanda bréf 15. maí 2013 þar sem fram kom að samkvæmt bráðabirgðaákvæði X í lögum nr. 38/2001 hafi aðalstefnandi borið að reikna öll fasteignalán einstaklinga óháð því hvort lánin væru gengistryggð eða erlend og því hafi lán númer A verið endurreiknað. Þá segir að frá því að lánið hafi verið endurreiknað hafi fallið dómur í Hæstarétti Íslands sem skýrt hafi frekar hvaða lán væru erlend og hver

gengistryggð. Með dómum Hæstaréttar í málum númer 524/2011 og 332/2012 hafi rétturinn meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að lán þar sem höfuðstóll væri tiltekinn í erlendri mynt væri erlent lán. Höfuðstóll láns númer A hafi verið tiltekinn í erlendri mynt. Með hliðsjón af fyrrgreindum dómafordæmum teldist lánið ekki gengistryggt heldur erlent lán og því héldist lánið óbreytt. Það væri í samræmi við niðurstöðu Hæstaréttar í málinu númer 524/2011 að notaðir væru vextir samkvæmt 4. gr., sbr. 3. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu þegar um væri að ræða endurreikning á grundvelli bráðabirgðaákvæðis X. Í greinargerð gagnstefnanda segir að hann kannist ekki við að hafa móttakið fyrrgreint bréf aðalstefnanda eða greiðsluáskorun aðalstefnanda dagsetta 21. febrúar 2014 vegna skuldarinnar.

Meðal málgagna eru tvær greiðsluáskoranir. Fyrirnefnd greiðsluáskorun dagsett 21. febrúar 2014 og greiðsluáskorun dagsett 16. nóvember 2016. Þær eru báðar stílaðar til gagnstefnanda vegna vanskila á láni því sem um ræðir. Segir í þeirri yngri að lánið hafi verið í vanskilum frá 1. júní 2012. Aðalstefnandi sendi sýslumanni aðfararbeiðni 9. febrúar 2017 með ósk um að gert yrði fjárnám hjá gagnstefnanda til tryggingar skuldinni. Aðalstefnandi vísaði um heimild til aðfarar til þess að umþrættur lánasamningur væri skuldabréf sem væri aðfararhæft samkvæmt 7. tölulið 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Aðfararbeiðnin var fyrst tekin fyrir hjá sýslumanninum á Suðurnesjum 27. september 2017 þar sem gerðinni var frestað með samkomulagi aðila. Málið var næst tekið fyrir 6. nóvember 2017 þar sem því var mótmælt af hálfu gagnstefnanda að gerðin næði fram að ganga. Lögmaður aðalstefnanda krafðist árangurslauss fjárnáms hjá gagnstefnanda. Gert var hlé á gerðinni vegna framkominna mótmæla. Svo fór að samkomulag varð á milli aðila um að aðfarargerðinni yrði frestað um fjórar vikur gegn greiðslu gagnstefnanda á 3.000.000 króna til aðalstefnanda. Gagnstefnandi greiddi þá fjárhæð 9. nóvember 2017 með fyrirvara um réttmæti kröfunnar, fjárhæð hennar og ráðstöfun þeirra fjármuna sem greiddir voru. Kemur þetta fram í bréf lögmanns gagnstefnanda til lögmanns aðalstefnanda sama dag. Fulltrúi sýslumanns frestaði gerðinni til 13. desember 2017. Frekari frestun varð en gerðinni var framhaldið hjá embætti sýslumanns 24. janúar 2018 þar sem talið var að beiðnin uppfyllti skilyrði 1. og 2. mgr. 17 gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Gagnstefnandi mótmælti því hjá sýslumanni að gerðin næði fram að ganga á þeim forsendum að um lánasamning væri að ræða en ekki skuldabréf. Lán númer A beri heitið „lánasamningur“ en ekki „skuldabréf“ og því væri

ekki heimild fyrir aðförinni. Svo fór að sýslumaður hafnaði beiðni aðalstefnanda með vísan til mótmæla gagnstefnanda og lauk því gerðinni 24. janúar 2018.

Aðalstefnandi krafðist þess með bréfi til Héraðsdóms Reykjaness 20. mars 2018 að felld yrði úr gildi ákvörðun sýslumannsins á Suðurnesjum frá 24. janúar 2018 um höfnun á því að hann fengi gert fjárnám hjá gagnstefnanda. Var ágreiningsmál málsaðila vegna þessa þingfest við dóminn 18. apríl 2018 sem héraðsdómsmálið nr. Y-3/2018. Aðalstefnandi krafðist þess við fyrirtöku málsins 27. apríl 2018 að málið yrði fellt niður án kostnaðar. Með úrskurði uppkveðnum sama dag var málið fellt niður og aðalstefnanda gert að greiða gagnstefnanda 150.000 krónur í málskostnað.

II

Málsástæður og lagarök aðalstefnanda

Aðalstefnandi kveður fjárhæð skuldar gagnstefnanda vera 37.388.178 krónur sem sé stefnufjárhæð málsins auk dráttarvaxta og kostnaðar, að frádreginni innborgun að fjárhæð 3.000.000 króna þann 9. nóvember 2017. Sundurliðist stefnufjárhæðin þannig að eftirstöðvar höfuðstóls nemi 36.192.323 krónum og vextir 1.195.855 krónum. Krafist sé dráttarvaxta af stefnufjárhæðinni frá 9. febrúar 2013, eða frá þeim degi þegar fjögur ár hafi verið liðin frá því að aðfararbeiðni aðalstefnanda hafi verið send sýslumanni, en það hafi verið 9. febrúar 2017. Aðalstefnandi kveðst byggja á því að fyrningu kröfunnar hafi verið slitið þann dag, sbr. 52. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Hvað varði aðild aðalstefnanda að málinu þá hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun 22. apríl 2010 að ráðstafa eignum og skuldum Sparisjóðsins í Keflavík til SpKef sparisjóðs, kt. [...]. Þá hafi Fjármálaeftirlitið tekið þá ákvörðun 5. mars 2011 að ráðstafa öllum eignum og skuldum SpKef til Nýja Landsbanka Íslands hf., kt. [...], nú Landsbankinn hf., kt. [...].

Málatilbúnaður aðalstefnanda og kröfur eru byggðar á meginreglum kröfu- og samningaréttar um greiðsluskyldu fjárskuldbindinga og efnaskyldu loforða. Kröfur um dráttarvexti, þar með talda vaxtavexti, styður aðalstefnandi við lög nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af máflutningsþóknun er reist á lögum númer 50/1988. Aðalstefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber honum því nauðsyn til að fá dóm fyrir skattinum úr hendi gagnstefnanda. Um varnarþing er vísað til skilmála lánasamningsins og 1. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991.

III

Málsástæður og lagarök gagnstefnanda

Samkvæmt aðalkröfu gagnstefnanda krefst hann þess að verða sýknaður af öllum kröfum aðalstefnanda. Hvað varði málsástæður gagnstefnanda sé á því byggt að hann fái komið að öllum sömu mótbárum gagnvart aðalstefnanda og hann hefði getað gagnvart Sparisjóðnum í Keflavík sem upphaflegum kröfuhafa samkvæmt hinum umþrætta lánasamningi.

Í fyrsta lagi byggi gagnstefnandi á því að sýkna beri hann af öllum kröfum aðalstefnanda með vísan til 33. eða 36. gr. laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Sakarefni máls þessa lúti að lánasamningi, dagsettum 30. október 2006, sem gerður hafi verið á milli gagnstefnanda, sem skuldara, og Sparisjóðsins í Keflavík, sem lánveitanda. Sparisjóðurinn hafi veitt lánið í því skyni að fjármagna þátttöku gagnstefnanda í fyrirhuguðum stofnfjárukningum í sjóðnum. Hafi það verið forsenda fyrir veitingu og töku lánsins af hálfu aðila að fjármunirnir yrðu nýttir til kaupa gagnstefnanda á stofnfjárhlutum í sparisjóðnum við síðari stofnfjárukningar. Við sammingsgerðina hafi legið fyrir að stofnfjárbréf sem gagnstefnandi myndi kaupa yrðu veðsett sparisjóðnum til tryggingar á efndum vegna lánasammingsins. Gagnstefnandi hafi samþykkt lánveitinguna á þeirri forsendu að áhætta hans vegna lántökunnar myndi takmarkast við keypt og veðsett stofnfjárbréf. Hafi lántaka hans hjá sparisjóðnum byggst á þeirri forsendu að ábyrgð hans myndi takmarkast við verðmæti þeirra stofnfjárbréfa sem hann hafi keypt beint og milliliðalaust af sparisjóðnum á árunum 2006 og 2007 og staðið hafi til tryggingar láninu samkvæmt handveðsyfirlýsingu 11. desember 2006. Hafi sú forsenda bæði stuðst við almenna kynningarfundir og fundir gagnstefnanda með starfsmönnum Sparisjóðsins í Keflavík, sem forvera aðalstefnanda, í aðdraganda lánveitingarinnar.

Byggi gagnstefnandi á því að um þetta efni verði jafnframt að líta til þess að lánið hafi verið veitt í því skyni að fjármagna bein kaup gagnstefnanda á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík af sjóðnum sjálfum vegna stofnfjárukningar. Í viðkomandi stofnfjárukningum hafi sparisjóðurinn þannig verið að selja eigin bréf og hafi því andvirði kaupverðs gagnstefnanda á stofnfjárbréfum runnið til sjóðsins sjálfs. Samkvæmt lánasamningnum og fyrirliggjandi viðskiptum með stofnfjárbréf hafi verið um að ræða neytendaviðskipti í þeim skilningi að gagnstefnandi hafi þar sem einstaklingi verið veitt lán til kaupa á stofnfjárbréfum frá Sparisjóðnum í Keflavík sem atvinnurekenda, sbr. 1. mgr. 36. gr. a. laga nr. 7/1937. Verði því við mat á sakarefni málsins að líta til 36. gr. a.

– c. í lögum nr. 7/1936. Vísi gagnstefnandi í því skyni sérstaklega til 1. mgr. 36. gr. b. í lögunum þar sem kveðið sé á um að skriflegur samningur, sem atvinnurekandi gefi neytanda kost á skuli vera á skýru og skiljanlegu máli. Komi upp vafi um merkingu samninga skuli túlka samninginn neytandanum í hag. Samkvæmt því sé á því byggt að skýra beri allan óskýrleika í málinu gagnstefnanda í hag.

Gagnstefnandi kveðst jafnframt byggja á því að líta verði til 3. mgr. 36. gr. c. laga nr. 7/1936 þar sem kveðið sé á um að samningur teljist ósanngjarn ef hann stríði gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna sammingsaðila, neytanda í óhag. Telji gagnstefnandi að sú staða sé uppi í máli þessu. Í því samhengi sé vísað til þess að við sölu stofnfjórbréfa til gagnstefnanda og þá ráðgjöf sem fram hafi farið um verðmæti bréfa og stöðu Sparisjóðsins í Keflavík hafi sparisjóðurinn brotið gegn skyldum sínum samkvæmt ákvæðum þágildandi laga um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003 og nógildandi lögum nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti eftir gildistöku þeirra 1. nóvember 2007, en fyrir liggi að síðustu kaup gagnstefnanda á stofnfjórbréfum af sparisjóðnum hafi farið fram í desembermánuði það ár.

Gagnstefnandi byggi á því að hann hafi enga eða villandi ráðgjöf fengið frá Sparisjóðnum í Keflavík við kaup á undirliggjandi stofnfjórbréfum á árunum 2006 og 2007. Þær upplýsingar sem hann hafi fengið við töku lánsins og kaup á stofnfjórbréfum hafi lotið að því að engin áhætta væri til staðar og að honum, sem kaupanda, yrði haldið skaðlausum af kaupnum þar sem lánað yrði að fullu fyrir þeim og að ábyrgð á endurgreiðslu lánsins myndi takmarkast við verðmæti bréfa. Þá hafi komið fram í kynningum við stofnfjórbréfa sjóðsins að staða Sparisjóðsins í Keflavík væri sterk, þar á meðal lausafjárstaða sjóðsins. Þær upplýsingar hafi beinlínis verið rangar enda komi fram í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna að Sparisjóðurinn í Keflavík hafi lengi glímt við lausafjórbréfa. Hafi engar slíkar upplýsingar um lausafjórbréfa sjóðsins komið fram í aðdraganda stofnfjórbréfa. Í öllu falli hafi gagnstefnandi í engu verið upplýstur um það af hálfu sparisjóðsins. Vísi gagnstefnandi til þess að ekki verði annað ráðið en að þær tíðu stofnfjórbréfa sem hafi átt sér stað í sparisjóðnum á árunum 2006 og 2007 hafi verið viðbrögð stjórnenda sjóðsins til að bregðast við bráðum lausafjórbréfa hans, án þess að gagnstefnandi eða aðrir þátttakendur í stofnfjórbréfa hafi verið upplýstir um þann vanda.

Gagnstefnandi fullyrði að hann hefði aldrei tekið þátt í stofnfjárukningu sparisjóðsins á árunum 2006 og 2007, og þar með samþykkt lánveitingu til að fjármagna þau kaup, ef fyrir hefðu legið réttar upplýsingar um fjárhagsstöðu sparisjóðsins á þeim tíma. Hafi það því verið forsenda gagnstefnanda fyrir lánveitingunni og kaupum á stofnfjárbréfum að fjárhagsstaða sparisjóðsins væri sterk í samræmi við kynningar sjóðsins þar að lútandi í aðdraganda stofnfjárukninga. Verði aðalstefnandi að bera allan halla af þeirri takmörkuðu og röngu upplýsingagjöf sem Sparisjóðurinn í Keflavík hafi veitt við stofnfjárukningar almennt á árunum 2006 og 2007 og þeim beinu upplýsingum sem starfsmenn sparisjóðsins hafi komið á framfæri við gagnstefnanda í aðdraganda hinnar umþrættu lánveitingar og kaupa á stofnfjárbréfum í kjölfar þess.

Kveðst gagnstefnandi byggja á því að Sparisjóðurinn í Keflavík, sem forveri aðalstefnanda, hafi brotið gegn ákvæðum laga nr. 33/2003 og 108/2007 um verðbréfavíðskipti. Sé í því samhengi vísað til þess að fjármálafyrirtæki skuli starfa í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur í verðbréfavíðskiptum, með trúverðugleika fjármálamarkaðarins og hagsmuni viðskiptavina að leiðarljósi, sbr. 4. gr. laga nr. 33/2003 og 5. gr. laga nr. 108/2007. Jafnframt hafi verið brotið gegn gagnstefnanda varðandi upplýsingagjöf við lögskiptin sem sakarefni málsins taki til, sbr. 5. gr. laga nr. 33/2003 og 14. gr. laga nr. 108/2007.

Byggi gagnstefnandi á því að Sparisjóðurinn í Keflavík hafi hvorki veitt honum greinargóðar upplýsingar um þann fjárfestingarkost sem um ræddi, það er stofnfjárbréf í sparisjóðnum sjálfum, auk þess sem rangar upplýsingar hafi verið veittar við kaupin. Hafi gagnstefnandi því í engu getað tekið upplýsta fjárfestingarákvörðun, svo sem lög hafi mælt fyrir um og krafist sé af hálfu fjármálafyrirtækja. Að mati gagnstefnanda hafi hvorki verið óhlutdrægni né jafnræði á milli aðila við kaup gagnstefnanda á stofnfjárbréfum af Sparisjóðnum í Keflavík, en samkvæmt 6. gr. laga nr. 33/2003 skyldi fjármálafyrirtæki gæta fyllstu óhlutdrægni gagnvart viðskiptavinum sínum í starfsemi sinni og hafi því ávallt borið að haga störfum sínum þannig að viðskiptavinir nytu jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör.

Gagnstefnanda hafi ekki verið kunnugt um annað en að stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík hafi verið óskráð verðbréf á árunum 2006 – 2008. Hafi sala sparisjóðsins á þeim stofnfjárbréfum til gagnstefnanda sem mál þetta varði verið háð því að lagt hefði verið mat á faglega þekkingu, fjárhag og reynslu gagnstefnanda enda sé ekki unnt að leggja til grundvallar að um hafi verið að ræða sölu stofnfjárbréfa í almennu

útboði, sbr. 9. gr. laga nr. 33/2003. Hafi sparisjóðurinn í engu sinnt þeirri skyldu. Samkvæmt því hafi verið um ólögmeta sölu stofnfjárbréfa að ræða til gagnstefnanda. Sé á því byggt að aðalstefnandi beri ábyrgð á því sinnuleysi Sparisjóðsins í Keflavík gagnvart gagnstefnanda í máli þessu. Sé þetta andstætt ákvæðum 9. gr. laga nr. 33/2003. Við mat á því hvort skilyrði 33. og/eða 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt í máli þessu telji gagnstefnandi að líta verði til þess sem greini í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um að þegar aðalstefnandi hafi tekið yfir útlánasafn SpKef sparisjóðs í mars 2011 hafi lán til stofnfjárkaupa verið metin verðlaus. Samkvæmt því verði ekki annað ráðið en að aðalstefnandi hafi fengið kröfuréttindi á grundvelli hins umþrætta lánasamnings frá 30. október 2006 án endurgjalds. Sé það enn frekar til stuðnings málatilbúnaði gagnstefnanda um að ósanngjarnt sé af hálfu aðalstefnanda að bera lánasamninginn fyrir sig.

Líta verði til allra þátta við mat á því hvort skilyrði séu til að víkja lánasamningi aðila til hliðar í heild eða hluta samkvæmt 36. gr. laga nr. 7/1936, það er efnis þeirra löggerninga sem Sparisjóðurinn í Keflavík og gagnstefnandi hafi gert með sér á árunum 2006 og 2007, stöðu samningsaðila, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar komu til. Líta þurfi sérstaklega til þess að gagnstefnandi hafi hvorki haft menntun né sérstaka þekkingu á verðbréfaviðskiptum á þeim tíma sem sakarefni málsins taki til. Með beinum kaupum á stofnfjárbréfum af Sparisjóðnum í Keflavík hafi gagnstefnandi fjárfest í óskráðum verðbréfum, ýmist á grundvelli takmarkaðra eða rangra upplýsinga sem veittar hafi verið af hálfu sparisjóðsins, sem síðar hafi orðið verðlaus. Sparisjóðurinn sjálfur hafi verið fjármálafyrirtæki með mikla þekkingu á viðskiptum með verðbréf, ekki síst vegna stofnfjárbréfa í sjálfum sér, og hafi sem slíkur borið ríka ábyrgð og skyldur gagnvart gagnstefnanda sem viðskiptamanni sínum. Á grundvelli atvika og fyrrgreindra málsástæðna kveðst gagnstefnandi byggja á því að ósanngjarnt sé og/eða andstætt góðri viðskiptavenju, og raunar óheiðarlegt af hálfu aðalstefnanda, að bera fyrir sig lánasamninginn frá 30. október 2006. Samkvæmt því beri að víkja samningnum til hliðar í heild sinni með vísan til 36. gr. laga nr. 7/1936 og sýkna gagnstefnanda af kröfum aðalstefnanda í málinu.

Í öðru lagi kveðst gagnstefnandi byggja á því að hann eigi skaðabótakröfu á hendur aðalstefnanda sem nemi sömu fjárhæð og dómkrafa aðalstefnanda vegna þeirra brota Sparisjóðsins í Keflavík gagnvart gagnstefnanda sem varði ákvæði laga um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003 og 108/2007. Sé bótakrafa stefnda reist á því að

Sparisjóðurinn í Keflavík hafi með sagnæmum og ólögmetum hætti brotið gegn skyldum sínum samkvæmt ákvæðum tilgreindra laga í lögskiptum aðila á árunum 2006 og 2007. Við mat á hinni sagnæmu og ólögmetu háttsemi verði að líta til þess að sparisjóðurinn hafi verið fjármálafyrirtæki með mikla þekkingu á viðskiptum með verðbréf, ekki síst eigin stofnfjárbréfum, og hafi sem slíkur borið ríka ábyrgð og skyldur gagnvart viðskiptamönnum sínum. Þá beri við mat á sagnæmi að leggja strangt sakarmat til grundvallar, sbr. það sem komi fram í athugasemd við 3. gr. frumvarps þess er varð að lögum nr. 33/2003.

Gagnstefnandi byggir á því að brot Sparisjóðsins í Keflavík á skyldum sínum gagnvart honum hafi verið alvarleg og að sú háttsemi sem hér um ræði sé bæði sagnæm og ólögmet. Sé hér sérstaklega vísað til þeirra takmörkuðu og röngu upplýsinga sem veittar hafi verið við lánveitinguna og stofnfjárkaup stefnda á árunum 2006 og 2007, þar á meðal um fjárhagsstöðu sparisjóðsins og til vanrækslu sjóðsins á að afla fullnægjandi upplýsinga um gagnstefnanda fyrir lögskiptin. Þessi atriði hafi leitt til hinnar umþrættu lánveitingar sem hafi jafnframt verið grundvöllur og forsenda fyrir kaupum gagnstefnanda á margnefndum stofnfjárbréfum. Séu skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu samkvæmt hinni almennu skaðabótareglu því fyrir hendi. Samkvæmt því eigi gagnstefnandi skaðabótakröfu á hendur aðalstefnanda að sömu fjárhæð og dómkrafa hins síðarnefnda taki til. Beri því að sýkna gagnstefnanda af kröfum aðalstefnanda í málinu á grundvelli skuldajafnaðar.

Í þriðja lagi kveðst gagnstefnandi byggja á því að hin seldu stofnfjárbréf hafi verið haldin galla í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup auk þess sem þau hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi hafi veitt við söluna, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna. Réttur til skaðabóta fái stoð í 40. gr. laga nr. 50/2000. Seljandi bréfanna, sem aðalstefnandi leiði rétt sinn frá, beri skaðabótaábyrgð á grundvelli laganna gagnvart gagnstefnanda vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir við kaupin. Nemi gagnkrafa til skuldajafnaðar sömu fjárhæð og dómkrafa aðalstefnanda og beri því að sýkna gagnstefnanda af kröfum aðalstefnanda í máli þessu.

Í fjórða lagi byggir gagnstefnandi á því að allar kröfur aðalstefnanda á grundvelli lánasamningsins frá 30. október 2006 séu fallnar niður vegna tómlætis. Í stefnu greini að aðalstefnandi hafi tekið við réttindum samkvæmt lánasamningnum með ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 5. mars 2011. Aðalstefnandi hafi sent bréf til gagnstefnanda 24. október 2011 þar sem fram hafi komið að fyrirliggjandi lánasamningur kvæði á um

ólögmæta genginstryggingu. Hafi verið tiltekið að í samræmi við ákvæði laga nr. 38/2001 að eftirstöðvar lánsins hafi verið endurútreiknaðar miðað við lægstu óverðtryggðu vexti sem Seðlabanki Íslands birti. Hafi eftirstöðvar lánsins eftir endurútreikning verið 36.192.323 krónur miðað við 21. október 2011.

Aðalstefnandi hafi birt fréttatilkynningu á vefsíðu sinni 16. desember 2011 með yfirskriftinni „Landsbankinn fellir niður fjölda lána til stofnfjárkaupa í sparisjóðum.“ Fram komi í fréttatilkynningunni að Hæstiréttur Íslands hefði þann 24. nóvember 2011 dæmt í málum vegna aukningar stofnfjár í Byr sparisjóði og Sparisjóði Norðlendinga í lok árs 2007 og að niðurstaðan hefði falið í sér sýknu stofnfjáreigenda af kröfum um greiðslu lána sem veitt hafi verið til kaupa á stofnfé í sparisjóðunum við stofnfjárukningu þeirra. Þá hafi sagt í fréttatilkynningu að stefnandi hefði yfirfarið dóma að teknu tilliti til lána sem veitt hafi verið til kaupa á nýju stofnfé, þar á meðal í Sparisjóðnum í Keflavík, og að flest þessara lána yrðu felld niður að eigin frumkvæði aðalstefnanda. Með því væri bundinn endi á mál þeirra einstaklinga og lögaðila á landsbyggðinni sem fengið hafi lán til kaupa á stofnfé á árinu 2007. Í því fælist viðurkenning á því að ráðgjöf til kaupenda vegna stofnfjárukninga hefði verið röng eða ófullnægjandi af hálfu viðkomandi sparisjóða.

Gagnstefnandi hafi vitað um fréttatilkynningu þessa og staðið í þeirri trú að lánasamningur hans við Sparisjóðinn í Keflavík frá 30. október 2006 ætti undir efni hennar og að aðalstefnandi myndi fella lánið niður. Hafi gagnstefnandi samkvæmt því talið að lánið hefði þegar verið fellt niður í árslok 2011 enda hafi honum þá jafnframt borist yfirlit yfir verðbréfaeign hans í vörslu aðalstefnanda sem hafi tekið til tímabilsins 1. janúar 2011 til 31. desember 2011. Komið hafi fram í yfirlitinu að aðalstefnandi hefði mótttekið til vörslu stofnfjárbréf gagnstefnanda í Sparisjóðnum í Keflavík að nafnverði 11.899.954 krónur á genginu 3,394 eða samtals að markaðsverðmæti 40.383.208 krónur. Ekki hafi annað verið ráðið af yfirlitinu en að búið hafi verið að færa niður stofnfjáreign gagnstefnanda að fullu og hafi hann þannig staðið í þeirri góðu trú að lánasamningurinn hefði verið felldur niður og að þau stofnfjárbréf sem aðalstefnandi hafi mótttekið í ársbyrjun 2011 hefðu gengið á móti þeirri niðurfellingu í samræmi við efni fréttatilkynningar frá 16. desember 2011. Ekkert hafi gefið gagnstefnanda tilefni til þess að ætla að niðurfelling láns gagnvart honum hafi ekki átt við. Það hafi svo enn frekar verið til að styrkja þá trú gagnstefnanda að lánið hefði verið fellt niður að hann hafi engar tilkynningar fengið frá aðalstefnanda um meinta skuld samkvæmt lánasamningnum. Það

hafi ekki verið fyrir en fimm árum síðar, eða þegar gagnstefnanda hafi verið birt greiðsluáskorun, dagsett 16. nóvember 2016, að aðalstefnandi hafi hafið innheimtu vegna hinnar meintu kröfu. Þá kveðst gagnstefnandi hvorki hafa fengið meint bréf aðalstefnanda, dagsett 15. maí 2013, sem sé óundirritað í málgögnum, né greiðsluáskorun aðalstefnanda, dagsetta 21. febrúar 2014.

Í samræmi við ofangreint hafi aðalstefnandi ekkert aðhafst gagnvart gagnstefnanda vegna lánasamningsins um fimm ára skeið, eða frá því að fréttatilkynning um niðurfellingu krafna samkvæmt lánasamningum hafi verið birt í desembermánuði 2011 og þangað til greiðsluáskorun hafi verið send vegna lánasamningsins í nóvember 2016. Á því tímabili hafi gagnstefnandi verið í góðri trú um að aðalstefnandi hafi felld niður kröfuréttindi á grundvelli lánasamningsins og hafi haft réttmætar væntingar um að skuld hans hefði verið felld niður líkt og raunin hafi verið með fjölda aðila í sömu stöðu. Hafi tómlæti aðalstefnanda að þessu leyti gagnvart gagnstefnanda verið algert. Þá verði að telja það í samræmi við góða viðskiptahætti í slíku gagnkvæmu samningssambandi að fjármálafyrirtæki upplýsi í öllu falli viðskiptamann sinn um tugmilljóna kröfur sem hann telji sig eiga, þvert gegn opinberum tilkynningum.

Gagnstefnandi byggir á því að aðalstefnandi verði að bera hallann af því verulega tómlæti sem hann hafi viðhaft í málinu og hafi leitt til réttmætra væntinga gagnstefnanda um að hin umþrættu kröfuréttindi hafi verið felld niður. Gagnstefnandi bendir á að eftir meginreglum kröfuréttar, sem meðal annars búi að baki ákvæði 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, geti samningsaðili glatað rétti til að bera fyrir sig vanefnd eða annað réttarbrot viðsemjanda síns ef athugasemdum er ekki hreyft af slíku tilefni án ástæðulauss dráttar. Með vísan til þessa byggir gagnstefnandi á því að aðalstefnandi hafi fyrirgert hugsanlegum kröfuréttindum sínum á hendur gagnstefnanda vegna tómlætis og beri því að sýkna af kröfum aðalstefnanda í málinu.

Gagnstefnandi krefst þess til vara að kröfur aðalstefnanda verði stórlega lækkaðar. Byggi varakrafa gagnstefnanda á öllum sömu málsástæðum og greini um aðalkröfu gagnstefnanda um sýknu og sé vísað til þeirra vegna varakröfunnar. Jafnframt sé bent á að ekki liggi fyrir útreikningar til grundvallar kröfugerð aðalstefnanda í málinu. Eins og rakið sé í stefnu, byggir höfuðstólsfjárhæð kröfunnar, 36.192.323 krónur, á endurútreikningi aðalstefnanda á láni samkvæmt lánasamningnum sem aðalstefnandi segir hafa farið fram miðað við 21. október 2011. Þar sem útreikningar hafi ekki verið lagðir fram af hálfu aðalstefnanda um grundvöll stefnufjárhæðar, þar á meðal um hvort

tekið hafi verið tillit til innborgana gagnstefnanda inn á kröfuna á árunum 2008 og 2009 við endurútreikning lánsins. Gagnstefnandi geri því fyrirvara við réttmæti umkrafinnar höfuðstólsfjárhæðar gagnstefnanda. Í stefnu sé því einnig lýst að stefnufjárhæð málsins, 37.388.178 krónur, sé tilkomin vegna nýs höfuðstóls samkvæmt endurútreikningi að fjárhæð 36.192.323 krónur annars vegar og hins vegar vegna vaxta að fjárhæð 1.195.855 krónur. Um stefnufjárhæðina hafi aðalstefnandi að öðru leyti vísað til yfirlits um stöðu láns í málsgögnum sem aðalstefnandi segi sýna fram á stöðu lánsins miðað við 31. ágúst 2018. Gagnstefnandi mótmæli því að tilgreint skjal sýni fram á rétta stöðu lánsins miðað við þann dag. Þá bendi gagnstefnandi á að í málalíbúnaði aðalstefnanda sé ekki tilgreint á hvaða stoð það byggji að höfuðstólsfæra meinta vexti að fjárhæð 1.195.855 krónur í stefnufjárhæð. Þá liggi ekkert fyrir um það til hvaða tímabils umræddir vextir taki. Verði gagnstefnandi því að mótmæla stefnufjárhæð málsins sem vanreifaðri að þessu leyti. Þá megi ljóst vera að vaxtaþáttur höfuðstólsfjárhæðarinnar, 1.195.855 krónur, sé fyrndur, hvort heldur sem miðað sé við ákvæði laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, sbr. 3. gr. laganna, eða eldri laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda, sbr. 2. tölulið 3. gr. laganna.

Loks mótmæli gagnstefnandi í heild sinni dráttarvaxtakröfu aðalstefnanda sem taki til tímabilsins frá 9. febrúar 2013 til greiðsludags. Vísi aðalstefnandi um upphafstíma dráttarvaxta til þess að þeirra sé krafist frá 9. febrúar 2013, sem sé sá dagur þegar fjögur ár hafi verið þar til aðfararbeiðni stefnanda hafi verið send sýslumanni, það er 9. febrúar 2017, sbr. 52. gr. laga nr. 90/1989 um aðför.

Samkvæmt 52. gr. laga nr. 90/1989 sé fyrningu aðfararhæfrar kröfu slitið, ef aðfararbeiðni berst héraðsdómi eða sýslumanni fyrir lok fyrningartíma og gerðinni sé síðan fram haldið án ástæðulauss dráttar. Ekki hafi verið fallist á beiðni aðalstefnanda um aðför hjá sýslumanninum á Suðurnesjum þar sem ekki hafi verið talið að krafan félli undir ákvæði 7. töluliðar 1. mgr. 1. gr. laga nr. 90/1989. Aðalstefnandi hafi unað þeirri ákvörðun sýslumanns og þar með að ekki væri fyrir hendi gild aðfararheimild. Hafi aðfararbeiðni aðalstefnanda, dagsett 9. febrúar 2017, því ekki getað rofið fyrningu vegna hinnar umþrættu kröfu Þá byggji gagnstefnandi á því, að eins og atvikum sé háttað, séu ekki skilyrði til að reikna dráttarvexti á kröfuna fyrr en mál þetta hafi verið höfðað með birtingu stefnu 10. september 2018, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Vísi gagnstefnandi sérstaklega til tómlætis aðalstefnanda um margra ára

skeið vegna kröfunnar. Í öllu falli liggi fyrir að eldri dráttarvextir en frá 10. september 2014 séu fyrndir, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007 og 2. tölulið 3. gr. laga nr. 14/1905.

Gagnstefnandi vísar til þeirra laga sem til er vitnað í greinargerð hans, þar á meðal laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga, laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup, áðurgildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki með síðari breytingum, laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, eldri laga nr. 14/1905 um fyrningu skulda og annarra kröfuréttinda og laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda. Þá vísar gagnstefnandi til almennra meginreglna kröfu-, samninga- og skaðabótaréttar, þar á meðal um tómlæti. Málskostnaðarkrafan er byggð á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

IV

Málsástæður og lagarök aðila í „gagnsök“ málsins

A

Krafa gagnstefnanda í „gagnsök“ málsins er byggð á því að með því að krefjast aðfarar hjá gagnstefnanda án gildrar aðfararheimildar hafi aðalstefnandi valdið gagnstefnanda tjóni sem nemi þeim lögmannskostnaði sem gagnstefnandi hafi haft af því að taka til varna gegn hinni heimildarlausu aðfararbeiðni. Aðalstefnandi hafi sent aðfararbeiðni dagsetta 9. febrúar 2017 til Sýslumannsins á Suðurnesjum og krafist fjárnáms hjá gagnstefnanda vegna skuldar að fjárhæð 64.689.169 krónur. Gagnstefnandi hafi mótmælt gerðinni meðal annars á þeirri forsendu að aðfararheimild skorti. Þann 24. janúar 2018 hafi sýslumaður hafnað því að krafa aðalstefnanda um aðför næði fram að ganga þar sem krafan félli ekki undir 7. tölulið 1. gr. laga um aðför. Aðalstefnandi hafi kært þá ákvörðun sýslumanns með bréfi til héraðsdóms Reykjaness 20. mars 2018 og hafi verið fjallað um þá kæru í héraðsdómsmálinu númer Y-3/2018. Lyktir málsins hafi orðið þær, eftir að aðalstefnandi hafi krafist þess að málið yrði fellt niður án kostnaðar. Hafi málið verið fellt niður með úrskurði 27. apríl 2018 og gagnstefnanda úrskurðaðar 150.000 krónur í málskostnað. Kostnaður gagnstefnanda hafi þó verið mun hærri og því hafi hann höfðað málið. Kveðst gagnstefnandi byggja á því að hann eigi ekki að þurfa að bera lögmannskostnað sem hafi hlotist af heimildarlausri aðfararbeiðni aðalstefnanda.

Kveðst gagnstefnandi vísa til 96. gr. laga nr. 90/1989 um aðför til stuðnings kröfu sinni. Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við ákvæði laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Krafa um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um

meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt af málskostnaði er byggð á lögum nr. 50/1988.

B

Um aðalkröfu aðalstefnanda um sýknu er vísað til þess að þó að gagnstefnandi hafi þurft að greiða háan reikning lögmanns vegna ágreinings í aðfararmáli leiði það ekki til þess að hann hafi orðið fyrir tjóni í skilningi 96. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Búið sé að úrskurða gagnstefnanda þann málskostnað sem hann eigi rétt til samkvæmt 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála vegna ágreiningsmáls nr. Y-3/2018 sem hafi verið rekið fyrir dómi og gagnstefnandi byggi bótakröfu sína á. Búið sé að bæta honum það sem hann eigi rétt á. Gagnstefnandi hafi krafist málskostnaðar að mati dómsins og ekki lagt fram málskostnaðarreikning til stuðnings kröfunni. Sé niðurstaða málsins bindandi fyrir málsaðila, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Verði gagnstefnandi að bera hallann af því að hafa ekki lagt fram málskostnaðarreikning í málinu.

Aðalstefnandi kveðst enn fremur vísa til þess að rökstuðningur gagnstefnanda fyrir bótakröfunni sé óljós og ekki verði ráðið af framlögðum gögnum að lögmannsþjónusta sú sem um ræði tengist öll málinu Y-3/2018. Gefi reikningar og yfirlit ekki til kynna að reikningar varði ágreiningsmálið. Þá séu dagsetningar reikninga og yfirlit tímaskráningar í ósamræmi við fyrirtökur ágreiningsmálsins og tímafjöldi í ósamræmi við eðli þeirra verka sem hafi verið unnin. Lögmaður hafi ekki þurft að vinna mikið í málinu. Ekki hafi verið lögð fram greinargerð og einungis eitt mótmælabréf lagt fram hjá sýslumanni, auk mætinga hjá sýslumanni og í héraðsdómi. Verði að telja að sá málskostnaður sem hafi verið úrskurðaður í málinu nr. Y-3/2018 hafi verið til þess að mæta þeim kostnaði sem gagnstefnandi hafi orðið fyrir vegna ágreiningsmálsins.

Ljóst sé að aðalstefnandi eigi lögmeata kröfu á hendur gagnstefnanda sem hann hafi ekki greitt. Því sé eðlilegt að innheimtuaðgerðir hafi verið hafnar á hendur gagnstefnanda þegar hann hafi ekki brugðist við greiðsluáskorunum sem beint hafi verið til hans. Það að aðalstefnandi hafi sent aðfararbeiðni til sýslumanns leiði ekki til bótaskyldu samkvæmt 96. gr. laga um aðför.

Verði ekki fallist á aðalkröfu aðalstefnanda um sýknu sé gerð krafa um verulega lækkun á dómkröfunni. Lækka verði dómkröfu á þeim grundvelli að ágreiningsmálið, sem gagnstefnandi krefjast bóta fyrir, sé einfalt mál og telja verði þann tíma sem lögmaður hafi eytt í málið verulega ýktan miðað við umfang málsins. Greinargerð hafi

ekki verið lögð fram í málinu sem hafi verið fellt niður. Þá sé dráttarvaxtakröfu gagnstefnanda mótmælt. Ranglega sé vísað til 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 sem ekki eigi við um skaðabótakröfur. Um vexti af slíkum kröfum fari eftir IV. kafla laganna. Verði talið að aðalstefnanda beri að greiða gagnstefnanda einhverjar bætur verði að miða útreikning dráttarvaxta við uppkvaðningu úrskurðarins, en ekki fyrir þann tíma.

V

Forsendur og niðurstaða

A

Í „aðalsök“ málsins er deilt um skyldu gagnstefnanda til að greiða aðalstefnanda skuld samkvæmt lánasamningi sem á rætur sínar að tekja til ársins 2006. Gagnstefnandi, sem krefst sýknu, kveður skuldina til komna vegna kaupa á stofnfjárbréfum í Sparisjóðnum í Keflavík. Hann telur að sér beri ekki að greiða skuldina meðal annars vegna þess að hann hafi staðið í þeirri trú að skuldin samkvæmt lánasamningnum hefði verið felld niður, að forsendur bresti til að innheimta skuldina hjá honum, lánasamninginn beri að ógilda vegna þess að hann stríði gegn góðum viðskiptaháttum og sé því ósanngjarn, aðalstefnandi hafi sýnt af sér tómlæti við innheimtu skuldarinnar, tilurð lánasamningsins brjóti gegn ákvæðum laga nr. 7/1936 um sammingsgerð, umboð og ógilda löggerninga og bæði eldri og yngri laga um verðbréfaviðskipti nr. 33/2003 og 108/2007. Aðalstefnandi telur að gagnstefnanda beri að greiða skuldina samkvæmt lánasamningnum.

Gagnstefnandi heldur því fram að hann hafi tekið umrætt lán hjá Sparisjóðnum í Keflavík í lok október 2006 til þess að fjármagna þátttöku hans í fyrirhuguðum stofnfjárukningum í sjóðnum en það hafi verið forsenda fyrir veitingu og töku lánsins af hálfu aðila að andvirði lánsins yrði nýtt til kaupa gagnstefnanda á stofnfjárhlutum í sparisjóðnum við síðari stofnfjárukningar. Þá kveðst gagnstefnandi hafa samþykkt lánveitinguna á þeirri forsendu að áhætta hans vegna lántökunnar myndi takmarkast við keypt og veðsett stofnfjárbréf. Útgreidd fjárhæð lánsins var 29.742.570 krónur þegar lántökugjald hafði verið dregið frá. Kemur þetta fram í kaupnótu vegna lánsamningsins 1. nóvember 2006.

Samkvæmt gögnum málsins átti gagnstefnandi stofnfjárbréf í Sparisjóðnum í Keflavík að fjárhæð 184.381 króna í lok árs 2000. Hann jók við stofnfjáreign sína á árinu 2001. Í lok nóvember 2006 ákvað stjórn sparisjóðsins að nýta heimild til að auka stofnfé en ástæða þess var fyrirhugaður samruni Sparisjóðsins í Keflavík og Sparisjóðs

Ólafsfjarðar. Gagnstefnandi fékk bréf frá Sparisjóðnum í Keflavík um miðjan desember 2006 um að hann ætti rétt til að skrá sig fyrir stofnfé sem honum var boðið að kaupa fyrir rúmar 2.500.000 krónur. Eindagi kaupverðs var 31. desember 2006. Fram kom í bréfinu að ef einhverjir stofnfjáreigendur myndu ekki nýta sér rétt til stofnfjárkaupa yrði réttur annarra stofnfjáreigenda aukinn hlutfallslega sem því næmi. Kæmi til þess að stofnfjárhafi nýtti sér aukinn kauprétt, myndi hann greiða fyrir þau stofnfjárbréf síðar, eða 15. janúar 2007. Gagnstefnandi ákvað að kaupa það stofnfé sem hann átti rétt til og greiddi fyrir það 2.508.196 krónur hinn 29. desember 2006.

Stjórn Sparisjóðsins í Keflavík ákvað að auka stofnfé að nýju í febrúar 2007 og sendi stofnfjárhöfum samhljóða bréf og fyrr. Gagnstefnanda var boðið að kaupa stofnfé fyrir tæpar 3.900.000 krónur sem hann þáði og greiddi það 12. apríl 2007. Honum bauðst að kaupa umframstofnbréf fyrir tæpar 137.000 krónur sem hann þáði einnig og greiddi fyrir þau bréf 30. apríl 2007. Í júlí 2007 ákvað stjórn Sparisjóðsins í Keflavík enn að auka stofnfé og sendi stofnfjárhöfum samhljóða bréf og áður. Að þessu sinni var gagnstefnanda boðið að kaupa stofnfé fyrir tæpar 4.900.000 krónur. Hann ákvað að kaupa bréfin og greiddi þau 12. október 2007. Í desember 2007 ákvað stjórn Sparisjóðsins í Keflavík á ný að auka stofnfé og enn var stofnfjárhöfum sent samhljóða bréf og fyrr. Að þessu sinni bauðst gagnstefnanda að kaupa stofnfé fyrir tæpar 9.500.000 krónur. Hann keypti það stofnfé og greiddi fyrir það 31. desember 2007.

Samkvæmt framagreindu keypti gagnstefnandi stofnfé fyrir 18.350.481 krónu á tímabilinu 29. desember 2006 til 31. desember 2007.

Af fyrirliggjandi gögnum málsins verður ráðið að stofnfjárfundur í Sparisjóðnum í Keflavík hafi gefið stjórn sjóðsins heimild til að ráðast í hverja stofnfjáraukningu um sig. Stjórnin tók síðan ákvörðun um að ráðast í viðkomandi stofnfjáraukningu á stjórnarfundi. Ekki verður annað séð en að hver heimild til stofnfjárauðningar hafi verið fullnýtt í hvert skipti og því hafi þurft nýja heimild frá stofnfjárfundi í hvert sinn sem auka átti stofnfé. Þær dagsetningar sem hér um ræðir eru:

Dags. stofnfjárfundar þar sem stofnfjárukning er heimiluð	Dags. stjórnarfundar þar sem stofnfjárukning er ákveðin
Aðalfundur 2003	27. nóvember 2006
Desember 2006	5. febrúar 2007
Mars 2007	2. júlí 2007
4. desember 2007	4. desember 2007

Af því sem hér hefur verið rakið má ráða að þegar gagnstefnandi fékk lán samkvæmt þeim lánasamningi sem hér um ræðir hafi aðeins legið fyrir heimild stofnfjárfundar til einnar stofnfjáruknings í Sparisjóði Keflavíkur. Var sú stofnfjárukning ákveðin á stjórnarfundum 27. nóvember 2006, eða um mánuði eftir að hann tók lánið. Réttur gagnstefnanda til kaupa á stofnfé við þessa stofnfjárukningu nam sem fyrr segir 2.508.196 krónum.

Með vísan til þessa er það mat dómsins að sú fullyrðing gagnstefnanda að hann hafi tekið umrætt lán hjá Sparisjóðnum í Keflavík til þess að fjármagna þátttöku hans í fyrirhuguðum stofnfjárukningum í sjóðnum fái ekki haldbæra stoð í gögnum málsins. Sama verður að segja um þá staðhæfingu hans að lántakan hafi verið byggð á þeirri forsendu að áhætta hans vegna lántökunnar myndi takmarkast við keypt og veðsett stofnfjárbréf en eins og fyrr segir nam lánsfjárhæðin 29.742.570 krónum en gagnstefnandi keypti aðeins stofnfjárbréf fyrir 18.350.481 krónu á tímabilinu 29. desember 2006 til 31. desember 2007. Á hinn bóginn benda gögn málsins til þess að lánið hafi að öllu leyti eða að langstærstum hluta verið tekið í öðru skyni en að fjármagna stofnfjárkaup gagnstefnanda í Sparisjóði Keflavíkur.

Ekki verður fallist á það með gagnstefnanda að lánasamningurinn sé í andstöðu við 33. og 3. mgr. 36. gr. c. í lögum nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Í 33. gr. segir að löggerning, sem ella mundi talinn gildur, geti sá maður, er við honum hafi tekið, eigi borið fyrir sig ef það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi hafi verið þegar löggerningurinn kom til vitundar hans og ætla megi að hann hafi haft vitneskju um. Í 3. mgr. 36. gr. c. segir að samningur teljist ósamngjarn ef hann stríðir gegn góðum viðskiptaháttum og raski til muna jafnvægi milli réttinda og skyldna samningsaðila, neytanda í óhag. Um var að ræða peningalán til gagnstefnanda sem hann tók aðeins að mjög litlu leyti til að fjármagna kaup á stofnfjárbréfum í sparissjóðnum. Málátlíbúnaður gagnstefnanda gefur til kynna að hann telji lánasamninginn hafa verið ósamngjarnan vegna síðari kaupa sinna á stofnfé í Sparisjóðnum í Keflavík. Hefur

gagnstefnandi ekki sýnt fram á að lánasamningurinn sem slíkur hafi talist ósanngjarn við þær aðstæður sem voru uppi. Með vísan til þessa getur dómurinn ekki tekið undir þetta sjónarmið gagnstefnanda.

Gagnstefnandi vísar ennfremur til þess að Sparisjóðurinn í Keflavík hafi brotið gegn skyldum sínum þegar gagnstefnandi keypti stofnfé í sjóðnum á því tímabili sem hér um ræðir. Í þessu sambandi vísar gagnstefnandi bæði til núgildandi og þáverandi laga um verðbréfavíðskipti, en eldri lög, nr. 33/2003 voru felld úr gildi með yngri lögum nr. 108/2007 hinn 1. nóvember 2007. Gagnstefnandi telur að hann hafi enga eða villandi ráðgjöf fengið frá Sparisjóðnum í Keflavík við kaup á stofnfjárbréfum á árunum 2006 og 2007. Þær upplýsingar sem hann hafi fengið við töku lánsins og kaup á stofnfjárbréfum hafi lotið að því að engin áhætta væri til staðar og að honum, yrði haldið skaðlausum af kaupunum þar sem lánað yrði að fullu fyrir þeim og að ábyrgð á endurgreiðslu lánsins myndi takmarkast við verðmæti bréfanna. Þá hafi komið fram í kynningum við stofnfjárukningar sjóðsins að staða Sparisjóðsins í Keflavík væri sterk, þar á meðal lausafjárstaða sjóðsins. Þær upplýsingar hafi beinlínis verið rangar.

Eins og fram er komið hefur gagnstefnandi að mati dómsins ekki sýnt fram á að hann hafi tekið umrætt lán, sem nam rúmunum 29.700.000 krónum, til kaupa á öðru stofnfé en hann keypti í lok ársins 2006 fyrir rétt rúmar 2.500.000 krónur. Í 5. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti er fjallað um upplýsingaöflun fjármálafyrirtækja. Þar voru þær kröfur gerðar til fjármálafyrirtækja að þau afli sér þeirra upplýsinga sem skipti máli vegna þjónustu við viðskiptavini sína, að fjármálafyrirtæki skuli afla sér upplýsinga um þekkingu og reynslu viðskiptavina í fjárfestingum og markmið þeirra með fjárfestingunni. Enn fremur skulu fjármálafyrirtæki afla sér upplýsinga um fjárhagsstöðu þeirra viðskiptavina sem eru í viðvarandi viðskiptasambandi. Í athugasemdum við 5. gr. laganna segir að reynsla viðskiptavinar í fjárfestingum skipti miklu um þá þjónustu sem beri að veita honum. Við mat á reynslu beri fjármálafyrirtæki ekki aðeins að líta á tíðni verðbréfavíðskipta eða heildarverðbréfaeign, heldur einnig til eðlis verðbréfavíðskipta viðskiptavinar. Til dæmis skipti máli hvort viðskiptavinur hafi sjálfur tekið ákvarðarnir um einstök verðbréfavíðskipti, hvort viðkomandi hafi átt viðskipti með fleiri en eina tegund fjármálagerninga, svo sem afleiður og gjaldeyrissamninga, og árangur í viðskiptum. Þá beri fjármálafyrirtæki að gera sér grein fyrir hvaða markmið skipti máli hjá viðskiptavini. Komi hér einkum til skoðunar hvort viðskiptavinur leggi fram fé sitt til áhættufjárfestingar eða hvort hann kjósi öryggi í ávöxtun, eða hvort fjárfesting sé

ætluð til skamms tíma eða lengri tíma. Til dæmis verði fjármálafyrirtæki að þekkja fjárhagsstöðu viðskiptavinar til að ráðgjöf eða eignastýring geti orðið markviss og tekið mið af heildarmati á fjárhagslegum styrk viðskiptavinar, en ekki eingöngu verðbréfaeign hans. Í athugasemdunum kemur einnig fram að í ljósi upplýsinga sem fjármálafyrirtæki afli um viðskiptavin skuli það veita honum greinargóðar upplýsingar um það sem máli skipti í tengslum við mögulegar fjárfestingarákvarðanir. Í ákvæðinu sé meðal annars tiltekið að veittar skuli upplýsingar um fjárfestingarkosti sem standi viðkomandi til boða. Sérstök ástæða sé til að upplýsa viðskiptavini um áhættu sem fólgin sé í afleiðuviðskiptum. Miðlun upplýsinga sé lykilþáttur í allri þjónustu fjármálafyrirtækis. Með því að krafa sé gerð um að upplýsingar skuli veittar með hliðsjón af þekkingu, reynslu og fjárhag viðskiptavinar sé gerð sú krafa að fjármálafyrirtæki aðstoði viðskiptavin eftir þörfum við að taka upplýsta fjárfestingarákvörðun og ekki síður að ráða honum frá tilteknum viðskiptum sem sérfræðingur sjái eða megi sjá að samrýmist ekki markmiðum viðskiptavinar í verðbréfiðskiptum.

Á þeim tíma sem dómurinn telur hér skipta máli var gagnstefnandi þá þegar stofnfjárhafi í Sparisjóðnum í Keflavík og hafði verið að minnsta kosti frá árinu 2000. Sem stofnfjárhafi hafði hann meðal annars aðgang að aðalfundum sparisjóðsins. Gera verður ráð fyrir því að gagnstefnandi hafi þekkt til starfsemi sparisjóðsins að einhverju marki. Í það minnsta tók hann sjálfur ákvörðun um að auka stofnfjareign sína þegar honum bauðst það í desember 2006. Þá verður hvorki ráðið af gögnum málsins að hann hafi leitað til sparisjóðsins eftir leiðbeiningum eða ráðgjöf né að hann hafi þurft sérstaka ráðgjöf varðandi fyrirtæki sem hann átti þegar hlut í, það er Sparisjóðinn í Keflavík. Þá telur dómurinn að gagnstefnandi hafi ekki sýnt fram á það að sparisjóðurinn hafi haldið því fram gagnvart honum að engin áhætta væri til staðar og að honum yrði haldið skaðlausum af kaupunum þar sem lánað yrði að fullu fyrir þeim og að ábyrgð á endurgreiðslu lánsins myndi takmarkast við verðmæti stofnfjárbréfanna. Þegar þetta er virt, ásamt því sem greinir hér að framan varðandi 5. gr. þágildandi laga nr. 33/2003 um verðbréfiðskipti og athugasemdir með ákvæðinu, getur dómurinn ekki fallist á sjónarmið gagnstefnanda varðandi þetta atriði.

Gagnstefnandi álítur að hann eigi skaðabótakröfu á hendur aðalstefnanda sem nemi sömu fjárhæð og dómkrafa aðalstefnanda. Sé það vegna þeirra brota Sparisjóðsins í Keflavík gagnvart gagnstefnanda sem varði ákvæði laga um verðbréfiðskipti nr. 33/2003 og 108/2007 en sparisjóðurinn hafi með saknæmum og ólöglegum hætti brotið

gegn skyldum sínum samkvæmt ákvæðum tilgreindra laga í lögskiptum aðila á árunum 2006 og 2007.

Dómurinn hefur þegar komist að þeirri niðurstöðu að einungis stofnfjárkaup gagnstefnanda í desember 2006, sem námu rétt rúmum 2.500.000 krónum, geti tengst þeim lánasamningi sem hann gerði við Sparisjóðinn í Keflavík. Eins og þegar hefur komið fram hefur gagnstefnandi ekki sýnt fram á að sparisjóðurinn hafi haldið því fram gagnvart honum að engin áhætta væri til staðar við þau stofnfjárkaup. Af þessu leiðir einnig að skilyrði um orsakasamband á milli lánasamningsins og stofnfjárkaupa gagnstefnanda á árinu 2007 er ekki uppfyllt. Verður því ekki hjá því komist að hafna kröfu gagnstefnanda um skaðabætur að sömu fjárhæð og dómkrafan.

Gagnstefnandi byggir ennfremur á því að hin seldu stofnfjárbréf hafi verið haldin galla í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Þá telur hann að stofnfjárbréfin hafi ekki svarað til þeirra upplýsinga sem seljandi veitti við söluna, sbr. 1. mgr. 18. gr. laganna. Að mati gagnstefnanda fær réttur til skaðabóta stoð í 40. gr. laga nr. 50/2000. Seljandi bréfanna, sem aðalstefnandi leiði rétt sinn frá, beri skaðabótaábyrgð á grundvelli laganna gagnvart gagnstefnanda vegna þess tjóns sem hann hafi orðið fyrir við kaupin. Nemi gagnkrafa til skuldajafnaðar sömu fjárhæð og dómkrafa aðalstefnanda og beri því að sýkna gagnstefnanda af kröfum aðalstefnanda í máli þessu.

Eins og að framan er rakið verður að gera ráð fyrir því að gagnstefnandi hafi haft vitneskju um starfsemi Sparisjóðsins í Keflavík er hann keypti stofnféð í desember 2006. Sparisjóðurinn gaf honum sem stofnfjárhafa kost á að kaupa viðbótar stofnfé en stofnfjárhafar höfðu forgangsrétt til að „skrá sig fyrir hækkuninni“, sbr. bréf sparisjóðsins til gagnstefnanda 14. desember 2006. Í bréfinu kemur einnig fram að útboðslýsing hafi verið unnin og sé hún aðgengileg bæði á heimasíðu sparisjóðsins og í afgreiðslum hans. Þá voru stofnfjáreigendur hvattir til að kynna sér fyrirbyggjandi gögn áður en þeir tækju ákvörðun um áskrift stofnfjár. Gagnstefnandi hefur ekki sýnt fram á að staða sparisjóðsins hafi verið verri en útboðsgögn og önnur tilvísuð gögn báru með sér. Þvert á móti kemur fram í skýrslu Rannsóknarnefndar Alþingis um rannsókn á aðdraganda og orsökum erfiðleika og falls sparisjóðanna, sem gagnstefnandi hefur lagt fram í málinu, að Sparisjóðurinn í Keflavík hafi verið „vel yfir lögbundinni lágmarkskröfu um lögbundið eiginfjárhlutfall“ á árunum 2001 til 2007. Þegar framanritað er virt verður ekki fallist á það með gagnstefnanda að stofnfé sem boðið var til sölu í desember 2006 hafi

verið haldið galla í skilningi 17. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup og þá ekki að hann eigi gagnkröfu til skuldajafnaðar sömu fjárhæðar og dómkrafa aðalstefnanda.

Gagnstefnandi byggir á því að allar kröfur aðalstefnanda á grundvelli lánasamningsins frá 30. október 2006 séu fallnar niður vegna tómlætis. Gagnstefnandi vísar til fréttatilkynningar aðalstefnanda frá 16. desember 2011 með yfirskriftinni „Landsbankinn fellir niður fjölda lána til stofnfjárkaupa í sparisjóðum.“ Hafi þar komið fram að aðalstefnandi hefði yfirfarið dóma Hæstaréttar Íslands að teknu tilliti til lána sem veitt hafi verið til kaupa á nýju stofnfé, þar á meðal í Sparisjóðnum í Keflavík, og að flest þessara lána yrðu felld niður að eigin frumkvæði aðalstefnanda. Með því væri bundinn endi á mál þeirra einstaklinga og lögaðila á landsbyggðinni sem fengið hafi lán til kaupa á stofnfé á árinu 2007. Á grundvelli fréttatilkynningarinnar hafi gagnstefnandi talið að títtnefndur lánasamningur frá 30. október 2006 ætti undir efni tilkynningarinnar og að aðalstefnandi myndi fella lánið niður. Hafi gagnstefnandi því talið að lánið hefði þegar verið fellt niður í árslok 2011. Þá bendir gagnstefnandi á máli sínu til stuðnings að hann hafi engar tilkynningar fengið frá aðalstefnanda um skuld samkvæmt lánasamningnum. Það hafi ekki verið fyrr en fimm árum síðar, eða þegar gagnstefnanda hafi verið birt greiðsluáskorun, dagsett 16. nóvember 2016, að aðalstefnandi hafi hafið innheimtu kröfunnar. Þá kveðst gagnstefnandi hvorki hafa fengið bréf aðalstefnanda í tilefni af fréttatilkynningunni, né greiðsluáskorun aðalstefnanda, dagsetta 21. febrúar 2014. Samkvæmt því hafi aðalstefnandi ekkert aðhafst gagnvart gagnstefnanda vegna lánasamningsins um fimm ára skeið, eða frá því að fréttatilkynning um niðurfellingu krafna samkvæmt lánasamningum hafi verið birt í desembermánuði 2011 og þangað til greiðsluáskorun hafi verið send vegna lánasamningsins í nóvember 2016.

Meðal málgagna er fyrrnefnd fréttatilkynning. Þar segir að niðurfelling aðalstefnanda á lánum til kaupa á stofnfé sé ekki án undantekninga. Einnig kemur þar fram að aðalstefnandi muni strax yfirfara öll þau stofnfjárlán sem um ræði og tilkynna hverjum lántaka sérstaklega um niðurstöðuna. Að mati dómsins gaf orðalag fréttatilkynningarinnar gagnstefnanda tilefni til að kanna hvort lán hans frá 30. október 2006 yrði fellt niður. Sérstaklega skiptir hér máli að margnefnt lán var ekki nema að litlu leyti notað til stofnfjárkaupa eins og áður er rakið.

Þá er meðal málgagna birtingarvottorð vegna greiðsluáskorunar á árinu 2014. Samkvæmt vottorðinu var greiðsluáskorunin réttilega birt gagnstefnanda 6. mars 2014. Önnur greiðsluáskorun var birt gagnstefnanda vegna kröfunnar 18. nóvember 2016.

Miðað við þau gögn sem liggja fyrir í málinu gerði gagnstefnandi skilmálabreytingu við lánið 16. nóvember 2010. Fyrirgreind fréttatilkynning var birt í desember 2011. Gagnstefnanda er birt greiðsluáskorun vegna kröfunnar í mars 2014 og aftur í nóvember 2016. Þegar málsatvik öll eru virt og litið til þess að um er að ræða kröfu vegna peningaláns gat gagnstefnandi ekki haft réttmætar væntingar til þess að aðalstefnandi hefði fallið frá kröfunni. Af því leiðir að krafan telst ekki fallin niður sökum tómlætis aðalstefnanda við að halda henni fram.

Gagnstefnandi krefst þess til vara að kröfur aðalstefnanda verði lækkaðar stórlega. Gagnstefnandi kveður varakröfuna byggja á öllum sömu málsástæðum og aðalkrafa hans um sýknu. Einnig vísar gagnstefnandi til þess að ekki liggi fyrir útreikningar til grundvallar kröfugerð aðalstefnanda í málinu. Höfuðstólsfjárhæð kröfunnar, 36.192.323 krónur, byggji á endurútreikningi aðalstefnanda á láni samkvæmt lánasamningnum sem aðalstefnandi segir hafa farið fram miðað við 21. október 2011. Gagnstefnandi álitur að ekki liggi fyrir hvort tekið hafi verið tillit til innborgana gagnstefnanda að fjárhæð inn á kröfuna á árunum 2008 og 2009 við endurútreikning lánsins. Kveðst gagnstefnandi því „gera fyrirvara við réttmæti umkrafinnar höfuðstólsfjárhæðar gagnstefnanda.“

Svo sem fyrr segir liggur fyrir í málsgögnum skilmálabreyting sem gerð var við lánasamninginn 16. nóvember 2010. Samkvæmt skilmálabreytingunni er reiknaður út nýr höfuðstóll í hverri mynt og þar með nýr höfuðstóll lánsins samkvæmt lánasamningnum. Inn í höfuðstól eru reiknaðir bæði gjaldfallnir vextir og dráttarvextir. Í skilmálabreytingunni kemur einnig fram að vextir reiknist frá þeim degi er hún var undirrituð, eða 16. nóvember 2010, og að lokagjalddagi lánsins sé 1. júní 2012. Þá segir að skilmálar lánasamnings haldist óbreyttir að öðru leyti en fram kemur í skilmálabreytingunni.

Samkvæmt þessu liggur fyrir að þegar skilmálabreytingin var gerð hafði gagnstefnandi þegar greitt inn á lánið 12.809.917 krónur á árunum 2008 og 2009. Hann undirritar skilmálabreytinguna og með því verður að telja að hann hafi samþykkt efni hennar, þar á meðal þá útreikninga sem þar eru og þar með að tekið hafi verið tillit til þeirra innborgana sem hann hafði innt af hendi. Nýr höfuðstóll lánsins var grundvallaður á skilmálabreytingunni og ekkert er annað fram komið í málinu en að endurútreikningur aðalstefnanda byggji á þessum nýja höfuðstól.

Gagnstefnandi segir stefnufjárhæð málsins, 37.388.178 krónur, til komna vegna nýs höfuðstóls samkvæmt endurútreikningi að fjárhæð 36.192.323 krónur annars vegar og hins vegar vegna vaxta að fjárhæð 1.195.855 krónur. Aðalstefnandi vísi til yfirlits um stöðu láns í málgögnum sem sögð er sýna fram á stöðu lánsins miðað við 31. ágúst 2018. Gagnstefnandi mótmælir því að yfirlitið sýni fram á rétta stöðu lánsins miðað við þann dag. Að mati dómsins hefur gagnstefnandi ekki sýnt fram á hverja hann telji vera stöðu lánsins og ekki heldur að hvaða leyti eða af hvaða ástæðum hann telur útreikning lánsins rangan. Af þeim ástæðum skortir forsendur til að leggja mat á málalíbúnað gagnstefnanda.

Þá álitur gagnstefnandi að í málalíbúnaði aðalstefnanda sé ekki tilgreint á hvaða stoð það byggir að höfuðstólsfæra vexti að fjárhæð 1.195.855 krónur í stefnufjárhæð. Þá liggja ekkert fyrir um það til hvaða tímabils umræddir vextir taki. Mótmæli gagnstefnandi stefnufjárhæð málsins sem vanreifaðri að þessu leyti.

Af gögnum málsins má sjá að skuldin samkvæmt margnefndum lánasamningi hefur verið í vanskilum frá 1. júní 2011 en þann dag átti að greiða vaxtagjalddaga samkvæmt fyrrgreindri skilmálabreytingu vegna vaxta fyrir tímabilið 16. nóvember 2010 til 1. júní 2011. Þá liggur fyrir að gagnstefnandi greiddi aldrei af láninu eftir að skilmálabreytingin var gerð. Í lánasamningnum segir að verði vanefndir á honum beri að greiða dráttarvexti af skuldinni í samræmi við vaxtalög. Heimilt sé að reikna dráttarvexti af skuldinni allri frá því að hún fyrst fellur í gjalddaga af þessum sökum. Þýðing þessa er að ógreiddir samningsvextir bera dráttarvexti ef vanskil verða. Af þessu leiðir að í þeim tilvikum sem vanskil verða, ber skuldara að greiða dráttarvexti af allri þeirri fjárhæð sem í vanskilum er, hvort sem um er að ræða höfuðstól eða samningsvexti. Við dráttarvaxtaútreikning kröfu skiptir þannig ekki máli hvort dráttarvextir eru reiknaðir sitt í hvoru lagi af höfuðstól og samningsvöxtum eða hvort gjaldfallinn höfuðstóll og gjaldfallnir samningsvextir eru lagðir saman og dráttarvextir reiknaðir í einu lagi af gjaldfallinni fjárhæð. Í samræmi við framangreint var aðalstefnanda heimilt að leggja saman fjárhæð höfuðstóls og samningsvaxta og reikna dráttarvexti í einu lagi. Er hafnað fullyrðingu gagnstefnanda um að stefnufjárhæðin sé að þessu leyti vanreifuð.

Að því er varðar vaxtatímabil má sjá af nefndri skilmálabreytingu að lokagjalddagi skuldarinnar skyldi vera 1. júní 2012 og skuldin bar vexti frá 16. nóvember 2010. Eins og fyrr segir greiddi gagnstefnandi ekki af skuldinni eftir að skilmálabreytingin var gerð. Vaxtatímabil kröfunnar markast af þessum tveimur

dagsetningum, það er að sammingsvextir eru reiknaðir frá 16. nóvember 2010 til 1. júní 2012. Bera gögn málsins þetta með sér.

Gagnstefnandi heldur því fram að vaxtaþáttur höfuðstólsfjárhæðarinnar, 1.195.855 krónur, sé fyrndur, hvort heldur sé miðað við ákvæði 3. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda eða eldri laga um sama efni nr. 14/1905. Sundurliðun stefnufjárhæðar málsins er óumdeild með aðilum og þar með fjárhæð vaxtaþáttar höfuðstólsins. Eins og fram er komið var umsaminn lokagjalddagi skuldar gagnstefnanda 1. júní 2012. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda fyrnast kröfur sem byggðar eru á peningalánum á 10 árum. Það gildir þó ekki um vexti af slíkum kröfum sem fyrnast á fjórum árum, sbr. 3. gr. laganna. Þegar mál þetta var höfðað í september 2018 voru vextir af kröfu aðalstefnanda því fyrndir og er því fallist á kröfu gagnstefnanda um fyrningu vaxta.

Aðalstefnandi krefst dráttarvaxta af stefnufjárhæðinni frá 9. febrúar 2013, eða frá þeim degi þegar fjögur ár voru liðin frá því að aðfararbeiðni aðalstefnanda var send sýslumanni eða 9. febrúar 2017. Byggir aðalstefnandi á því að fyrningu kröfunnar hafi verið slitið þann dag. Gagnstefnandi mótmælir því að fyrningu hafi verið slitið á fyrrnefndum degi þar sem aðfararbeiðni aðalstefnanda hafi ekki náð fram að ganga. Þá séu ekki skilyrði til að reikna dráttarvexti á kröfuna fyrir en málið hafi verið höfðað, eða 10. september 2018.

Fyrir liggur í málinu að aðalstefnandi sendi sýslumanni aðfararbeiðni 9. febrúar 2017 með kröfu um að gert yrði fjárnám hjá gagnstefnanda fyrir tilgreindri skuld. Samkvæmt 52. gr. laga nr. 90/1989 um aðför er fyrningu aðfararhæfrar kröfu slitið þegar beiðni um aðför berst héraðsdómara eða sýslumanni fyrir lok fyrningarfrests og gerðinni er fram haldið án ástæðulauss dráttar. Krefst aðalstefnandi dráttarvaxta af skuldinni í fjögur ár frá þeim degi þegar beiðni um aðför var send sýslumanni. Mótmælir gagnstefnandi því. Þegar litið er til allra atvika málsins þykir rétt að miða upphafstíma dráttarvaxta við 10. september 2018, þegar málið var höfðað með birtingu stefnu, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

Samkvæmt því sem að framan er rakið verður gagnstefnanda gert að greiða aðalstefnanda 36.192.323 krónur (37.388.178 – 1.195.855) með dráttarvöxtum frá 10. september 2018 til greiðsludags að teknu tilliti til innborgunar að fjárhæð 3.000.000 króna eins og í dómsorði greinir. Um málskostnað fer eins og greinir í dómsorði.

B

Í „gagnsök“ málsins krefst gagnstefnandi skaðabóta að fjárhæð 682.000 krónur vegna tjóns sem hann telur sig hafa orðið fyrir vegna aðfarar hjá gagnstefnanda sem aðalstefnandi krafðist án þess að fyrir því væri gild aðfararheimild. Nemi tjónið lögmanskostnaði sem gagnstefnandi varð að greiða til að verjast aðförinni. Vísar gagnstefnandi vegna kröfunnar til 96. gr. laga nr. 90/1989 um aðför. Aðalstefnandi krefst aðallega sýknu af kröfu gagnstefnanda en til vara lækkunar á kröfunni. Vísar aðalstefnandi til þess að búið sé að bæta gagnstefnanda það sem hann eigi rétt á samkvæmt 1. mgr. 129. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála með úrskurði í málinu nr. Y-3/2018.

Samkvæmt 1. mgr. 96. gr. laga nr. 90/1989 um aðför skal gerðarbeiðandi bæta allt tjón sem aðrir kunna að verða fyrir þegar krafist er fullnustu kröfu eða réttinda með aðfarargerð, sem síðar er í ljós leitt að skilyrði skortir til. Fyrir liggur að aðalstefnandi sendi sýslumanninum á Suðurnesjum aðfararbeiðni 9. febrúar 2017 með kröfu um að gert yrði fjárnám hjá gagnstefnanda vegna skuldar að fjárhæð 64.689.169 krónur. Gagnstefnandi mótmælti gerðinni og þann 24. janúar 2018 hafnaði sýslumaður því að krafa aðalstefnanda um aðför næði fram að ganga þar sem krafan félli ekki undir 7. tölulið 1. gr. laga um aðför. Kærði aðalstefnandi þá ákvörðun sýslumanns til héraðsdóms og fékk ágreiningsmálið þar númerið Y-3/2018. Svo fór að aðalstefnandi krafðist þess að málið yrði fellt niður án kostnaðar. Krafðist gagnstefnandi málskostnaðar. Var málið fellt niður með úrskurði héraðsdóms 27. apríl 2018 og gagnstefnanda úrskurðaðar 150.000 krónur í málskostnað. Þótti sú fjárhæð hæfileg að mati dómsins.

Gagnstefnandi leggur fram í málinu reikninga lögmanns, samtals að fjárhæð 682.000 krónur, fyrir gæslu hagsmuna hans í aðfararmálinu. Eru reikningarnir, fimm talsins, gefnir út á tímabilinu frá maí 2017 til og með 24. apríl 2018. Af fyrrnefndum úrskurði í málinu nr. Y-3/2018 verður ráðið að málið hafi verið tekið tvisvar fyrir hjá héraðsdómi og að lögmaður gagnstefnanda hafi hvorki skilað greinargerð í málinu né lagt fram upplýsingar um kostnað af málinu. Verður því að líta svo á að fjárhæð málskostnaðar sem gagnstefnanda var úrskurðaður hafi verið í samræmi við umfang málsins og þann kostnað sem gagnstefnandi hafi orðið fyrir vegna málsins. Tekur dómurinn undir sjónarmið aðalstefnanda um að niðurstaða héraðsdóms um málskostnað gagnstefnanda í ágreiningsmálinu sé bindandi fyrir aðila, sbr. 1. mgr. 116. gr. laga nr.

91/1991 um meðferð einkamála. Samkvæmt því skal aðalstefnandi vera sýkn af kröfu gagnstefnanda. Um málskostnað fer eins og greinir í dómsorði.

Í samræmi við niðurstöðu málsins og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður gagnstefnandi gert að greiða aðalstefnanda málskostnað sem þykir hæfilega ákveðinn 800.000 krónur.

Jón Höskuldsson héraðsdómari dæmir mál þetta.

D ó m s o r ð:

Aðalstefnandi, Landsbankinn hf., skal vera sýkn af kröfum gagnstefnanda, Sverris Sverrissonar.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda 36.192.323 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 10. september 2018 til greiðsludags, að frádreginni innborgun að fjárhæð 3.000.000 króna 9. nóvember 2017.

Gagnstefnandi greiði aðalstefnanda 800.000 krónur í málskostnað.

Jón Höskuldsson